

Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í apríl og maí 2018

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 6. júní 2018.


Akureyri. Í ár hófust frjómælingar 28. mars á Akureyri. Síðustu dagana í mars mældist eitt elrifrjókorn og í apríl mældust alls 40 frjóm³, sem er í meðallagi. Helmingur þeirra voru lyng- og víðifrjókorn.

Heildarfjöldi frjókorna í maímánuði á Akureyri var 691, töluvert yfir meðaltali sem er 488 frjóm í rúmmetra lofts. Frjókorn voru samfellt í lofti allan mánuðinn.

Flest frjókornanna voru asparfrjóm, 290 frjóm³. Þau fóru hæst í 103 fimmtudaginn 17. maí. Aldrei áður hafa mælst jafn mörg asparfrjóm á einum sólarhring á Akureyri og einungis tvisvar hafa þau farið rétt yfir 100 frjóm³ á höfuðborgarsvæðinu, það var 8. maí 2011 og 13. maí 2012.

Þann 25. maí voru asparfrjóm hætt að mælast og birkifrjóm tóku við. Þau fóru hæst í 84 frjóm³ þann 30. maí. Birkifrjóm mælast í 2–4 vikur og því ljóst að í þau eiga eftir að mælast töluvert í júní ef þannig viðrar.

Aðrar frjómgerðir í maí voru einkum lyng- og víðifrjóm en þau eru hætt að mælast núna.



Myndritið sýnir birki- gras- og asparfrjóm ásamt heildarfrijótölu í maí á Akureyri. Asparfrjóm fóru hæst í 103 þann 17. maí og birkifrjóm fóru í 84 þann 30. maí. Grasfrjóm eru ekki byrjuð að mælast. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring.




Garðabær. Frjómælingar hófust snemma í Garðabæ, þann 19. mars. Samtals mældust 48 frjó/m³ í mars og apríl, það fyrsta 21. mars. Einungis mældust fjögur frjókorn í mars, allt elri. Í apríl mældist mest af lyng- og asparfrjóum, samtals 30 frjó/m³.

Frjókornum fjölgaði aðeins í maí en heildarfjöldi frjókorna var 106 sem er talsvert undir meðallagi, en meðaltal fyrir maí er 323 frjó/m³.

Birkifrjó voru algengust, eða 32 frjó/m³, en skammt undan voru asparfrjó 26 frjó/m³. Asparfrjóin mældust nálægt meðaltali sínu sem er 32 frjó/m³ en birki langt undir sínu meðaltali sem er 175 frjó/m³ fyrir maí. Líkt og á Akureyri tóku birkifrjó við þegar asparfrjó hættu að mælast. Þetta var um miðjan mánuðinn. Birkifrjó hafa mælst samfleytt frá 28. maí.

Búast má við birkifrjóum fyrstu vikunnar í júní ef veður verður þurr og hlýtt. Mikil úrkoma í maí skýrir hversu fá frjókorn voru að mælast.

Aðrar frjögerðir sem mældust í Garðabæ í maí voru lyng- og víðifrjó. Þau mælast ekki lengur.



Myndritið sýnir birki- gras- og asparfrjó ásamt heildarfjótölu í maí í Garðabæ. Birkifrjó fóru hæst í einungis 9 frjó/m³ þann 30. maí og asparfrjó fóru í 6 dagana 1. og 12. maí. Grasfrjó eru ekki byrjuð að mælast. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Garðabær 6. júní 2018

Elly Guðjohnsen

Netfang elly@ni.is

www.ni.is

